

138

23. des.

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglu-
samþykkt fyrir Akureyrarkaupstað frá 11. jan. 1934.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglu-
samþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMPYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt Akureyrarkaupstaðar frá 11. jan. 1934.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Enginn má selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri, og ekki heldur hafa þar neitt um hönd, sem tálmað getur umferð. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum innan 14 ára aldurs heimilt að selja dagblöð eða fréttablöð, að fengnu leyfi barnaverndarnefndar, og sömuleiðis aðgöngu-
miða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópi, köllum eða söng, frá nátt-
málum til dagmála (sbr. 4. gr.).

2. gr.

20. gr. orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftir-
lit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á al-
mannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á
tímabilinu frá 15. sept. til 1. apríl, og ekki seinna en kl. 22 frá 1. apríl til 15. sept.,
nema þau séu í fylgd með aðstandendum.

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á
neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkstjóra og samþykki lögreglustjóra,
enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var og haldi því við í eitt ár eftir
að umbót var lokið og tekin gild af bæjarverkstjóra. Slík verk skulu unnin þannig,
að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvar-
aðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að
dimma fer að kveldi til þess hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri
þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur
hann bannað umferð um götuna að nokkru eða að öllu leyti meðan á verkinu stendur,
eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi
fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja götuna
í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir ef ekki
er fullnægt viðhaldsskyldu.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.